

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

5. desember 2025
2025-12-554
0.11.02

Efni: Umsögn Landsnets um umhverfismatsskýrslu Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdals

Umhverfismatsskýrsla Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdals, Dalvíkurbyggð er til kynningar í Skipulagsgáttinni, mál nr. 197/2024. Umsagnafrestur er til 9. desember 2025.

Landsnet hefur farið yfir kynnt gögn. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Framkvæmdasvæði virkjunarinnar þverar *Dalvíkurlínu 1* sem liggur milli Akureyrar og Dalvíkur. Um er að ræða 66 kV loftlínu á vegum Landsnets.

Í kafla 2.8 í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um leyfisveitingar. Þar kemur fram að pípa virkjunarinnar liggi undir *Dalvíkurlínu 1* og að sækja þurfi um leyfi Landsnets fyrir vinnu innan helgunarsvæðis hennar. Í kafla 2.1.6 kemur fram að virkjunin verði tengd við dreifikerfi Rarik.

Landsnet gerir ekki athugasemd við umhverfismat virkjunarinnar.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Skipulagsstofnun
Bt Jakobi Gunnarssyni
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
jakob.gunnarsson@skipulag.is

Dags. 5. desember 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0083

Með erindi dags. 28. október sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um mat á umhverfisáhrifum vegna Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Umsögn Veðurstofu Íslands snýr einkum að mögulegri náttúruvá og atburðum sem valdið gætu því að stíflan framan við uppistöðulónið rofnaði. Ekki er getið um þessi atriði í skýrslunni.

Þorvaldsdalur er ekki fjarri skjálftabelti Tjörness en ólíklegt er að jarðskjálftar þar mundu valda skemmdum á vel byggðri stíflu. Getið er um stærð mestu flóða, sem þekkt eru í Þorvaldsdalsá og er ólíklegt að flóð af þeirri stærð gætu leitt til stífluskemmda.

Færi svo ólíklega að stíflan rofnaði, skal bent á að nokkur bæjarhús standa frekar nærri árbakkanum neðan dalsins: Brattvellir, Vallholt, hús við Fossbrún, Ártún, Árbrekka og sumarhús út af Árbakka. Einföld aðferð til að meta stærð flóða vegna stíflubrots og rekja þau niður eftir farvegi var því notuð til að kanna mögulega hættu, gæfi stíflan sig. Aðferðin sem beitt var er fengin úr: https://www.researchgate.net/publication/281270899_A_simple_method_to_estimate_inundation_due_to_dam_break

Niðurstaðan er sú (m.v. gefnar forsendur um vatnsmagn og hámarksrennsli) að gróflega metin vatnsdýpt möguleg flóðs þyrfti að aukast þrefalt, til að flóðið skapi hættu við húsinn. Hættan er því að öllum líkindum engin og Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

4. desember 2025

Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal – Umsögn um umhverfismatsskýrslu

Þann 28. október sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra um umhverfismatsskýrslu vegna 5 MW vatnsaflsvirkjunar í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð (*mál nr. 197/2024*). Skýrslan sem hér er til umsagnar er unnin af Eflu fyrir Arctic Hydro hf., dagsett 10. október 2025.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í allt að 14 m hárri og 440 m langri jarðvegsstíflu í Þorvaldsdalsá. Frá stíflunni verður lögð 3.800 m aðrennislögn að stöðvarhúsi á suðurbakka árinna. Frá stöðvarhúsi verður lagður 400 m jarðstrengur að spennistöð við Stærri Árskóg.

Líkt og kom fram í umsögn HNE um matsáætlun vegna verkefnisins, dagsett 8. mars 2024, er virkjunin háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Efnistaka er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. sömu lögum og reglugerð og virkjunin. Tryggja þarf að allt efni sé tekið úr efnistökusvæðum sem eru með starfsleyfi í gildi og í samræmi við gildandi skipulag.

Fyrirkomulag fráveitu frá snyrtingum og starfsmannaaðstöðu á framkvæmdatíma þarf að vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.


Verði komið upp verkstæðisaðstöðu fyrir vélar verktaka í tengslum við framkvæmdina er sú starfsemi skráningarskyld skv. lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur.

HNE ítrekar ábendingu um brotfall reglugerðar 785/1999 sem vísað er í kafla 2.8. Reglugerðin var felld brott með reglugerð 550/2018.

Af hálfu HNE eru að öðru leyti ekki gerðar efnislegar athugasemdir við skýrsluna og framsetningu hennar.

Virðingarfyllt

F.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ**

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Vegna: Máls nr. 0197/2024, Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Í kafla 4.7 er spurt:

"Hvaða útivist er stunduð í nágrenni virkjunarinnar og hver eru áhrif virkjunarinnar á þá útivist?"

Gönguferðir og berjatínsla á sumrin, vélsleðaferðir og gönguskiði á veturna er svarið. Jú og einhver veiðið fyrir neðan foss.

Hvergi minnst á straumkajakræðara, sem nýta sér einmitt kaflann sem stendur til að þurrleggja. Þessi kafla var fyrst róinn sumarið 2012 og hefur notið vaxandi vinsælda meðal ræðara.

Hvet Eflu til að kynna sér málið betur.

Í seinni tíð hefur Ísland notið sérstakrar hilli straumkajakræðara á heimsvísu vegna ósnortinna áa, náttúru og stórbrotins landslags. Heimsóknir heimsfrægra straumkajakræðara til Íslands þar sem að ferðalög þeirra eru tekin upp á myndbönd og þeim deilt í heimildarmyndum og í stuttum myndskleiðum á netinu hafa vakið áhuga margra á Íslandi sem stað til að stunda straumkajakróður og hafa íslenskir ræðarar fundið fyrir miklum áhuga ferðamanna að stunda þess háttar útivist á Íslandi. Undirritaður fær óteljandi fyrirspurnir á hverju ári frá áhugasömum ræðurum varðandi ferðalög til Íslands, sérstaklega til að koma hingað og róa í íslenskum ám.

Höfundur: Jóhann Geir Hjartarson

Sent inn þann: 09.11.2025

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

5. desember 2025, Reykjavík
UOS2510238/E.S.F.

Umsögn – Umhverfismatsskýrsla – Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. október 2025 þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda umhverfismatsskýrslu. Fram kemur að Arctic Hydro hyggst reista allt að 5,0 MW vatnsaflsvirkjun í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð. Virkjunin mun virkja allt að 5,0 m³/s rennsli með 118 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 3.800 m langrar aðrennslispípu. Áætluð efnispörf er 150.000 m³.

Umfjöllun Umhverfis- og orkustofnunar

Í 3. gr. laga nr. 110/2024 um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar eru talin upp málefni sem falla undir starfsemi Umhverfis- og orkustofnunar.

Í 22. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að vinna skuli skýrslu um umhverfismat hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar og taldar upp þær upplýsingar sem skýrslan skuli innihalda.

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir skýrsluna með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eftir því sem stofnunin telur að eigi við.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnuninni er heimilt að binda virkjunarleyfi, sem stofnunin gefur út, skilyrðum skv. 5. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Þar kemur m.a. fram að stofnunin getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

Valkostir

Umhverfis- og orkustofnun telur að framsetning valkosta í umhverfismatinu sé ófullnægjandi. Í skýrslunni er aðallega kynntur einn valkostur ásamt núllkosti.

Að mati stofnunarinnar hefði þurft að leggja fram fleiri raunhæfa valkosti og meta umhverfisáhrif þeirra á sambærilegan hátt, í samræmi við 22. gr. laga nr. 111/2021, svo möguleiki sé að velja þá leið sem hefur minnst neikvæð umhverfisáhrif.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfis- og orkustofnun vill vekja athygli á að framkvæmdin þarf að vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun¹.

Fjallað er um áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar og vatnalíf í kafla 4.4. Í kafla 4.4.1. þar sem fjallað er um viðmið sem liggja til grundvallar mati á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnafar er vitnað í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi sem er brottfallin.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að hún var felld á brott með reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og hafa ætti hana sem viðmið. Jafnframt bendir stofnunin á að telja þarf upp reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Þar sem fjallað er um grunnástand vatnshlotanna Þorvaldsdalsá 1 og 2 í skýrslunni kemur fram að vistfræðilegt ástand beggja vatnshlotanna sé mjög gott og efnafræðilegt ástand óþekkt samkvæmt vatnavefsjá. Fram kemur í vatnavefsjá að vistfræðilegt ástand vatnshlotanna hafi verið handflokkað sem mjög gott út frá líkindum (29.06.2023) en að þörf sé á gögnum til að staðfesta ástandsflokkunina.

Stofnunin bendir á að vinna þarf áhrifamat þar sem áhrif framkvæmdar og starfsemi eru metin á alla gæðapætti vatnshlota skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun. Búið er að gefa út leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila um hvernig beri að framkvæma slíkt mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlot² en vitnað er í leiðbeiningarnar í skýrslu Náttúrustofu Austurlands, *Rannsóknir vegna fyrirhugaðrar Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal,-vatnalífriki*. Þar kemur fram að Náttúrustofa Austurlands hafi metið grunnástand líffræðilegra, eðlisefnafræðilegra og vatnsformfræðilegra gæðapátta vatnshlotanna Þorvaldsdalsá 1 og 2 í samræmi við kröfur og leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlota. Umhverfis- og orkustofnun telur jákvætt að búið sé að gera rannsóknir á vatnalífriki og meta hvort og þá hvaða breytingar verða á vatnshlotum vegna fyrirhugaðrar Árskógsvirkjunar fyrir vatnshlotin Þorvaldsdalsá 1 og 2.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni hafa áhrif framkvæmdarinnar á vatnsformfræðilega gæðapætti ekki verið metin að fullnustu, en Náttúrustofa Austurlands gerði skimun á vatnsformfræði vatnshlotanna. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að rennslibreytingar og gerð inntakslóns geti leitt til þess að ástand vatnshlotanna Þorvaldsdalsá 1 og 2 rýrni og nái þannig ekki umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Þar kemur þó fram að

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

² [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

vatnshlotið Þorvaldsdalsá 1 muni að öllum líkindum áfram ná að uppfylla vistfræðileg og efnafræðileg umhverfismarkmið sín fyrir neðan stöðvarhús en að vöktun eftir að virkjun hefur verið reist sé nauðsynleg til að staðfesta það. Einnig að Arctic Hydro muni þurfa að sækja um heimild til Umhverfis- og orkustofnunar til breytingar vatnshlots í samræmi við 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að það að setja upp vatnsaflsvirkjun breytir vatnsformfræðilegum eiginleikum vatnshlots sem í flestum tilfellum hefur áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins. Því er mikilvægt að það liggi fyrir hverjar breytingarnar verði áður en framkvæmdaraðili hyggst óska eftir heimild til breytingar vatnshlots skv. 18 gr. laga um stjórn vatnamála, slíkt verður ekki gert með vöktun eftir að virkjun hefur verið reist.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er heimild til breytingar vatnshlots bundin því skilyrði að tilgangi framkvæmdanna verði ekki náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar. Þessi nálgun er sérstaklega mikilvæg þar sem áhrif vatnsaflsvirkjana á vatnsformfræði geta dregið úr vistfræðilegu ástandi vatnshlota. Því er mikilvægt er að allir mögulegir valkostir varðandi útfærslu fyrirhugaðra framkvæmda séu vandlega skoðaðir. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að framkvæmdaraðili þurfi að greina fleiri raunhæfa virkjunarvalkosti og meta áhrif þeirra á vatnshlot.

Ef að ljóst er samkvæmt áhrifamati (þar sem allir gæðapættir hafa verið metnir og breytingarnar sem hafa áhrif á þá) að umhverfismarkmið vatnshlots næst ekki og sækja á um heimild til breytingar vatnshlots, þá þarf að meta í hvaða ástand vatnshlot mun fara við framkvæmdina. Stofnunin bendir jafnframt á að nauðsynlegt er að setja fram raunhæfar mótvægisáðgerðir sem miða að því að upphefja ástand vatnshlotanna sem verða fyrir áhrifum og þurfa þær mótvægisáðgerðir að tryggja að vatnshlotið sem breytingin nær til nái a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi eða góðu vistmegni fyrir mikið breytt vatnshlot.

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að í 5. gr. laga nr. 42/2025 um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála (flýtimeðferð og breyting á vatnshloti) kemur eftirfarandi fram:

„Sé framkvæmd háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar skal framkvæmdaraðili í umsókn um slíkt leyfi óska jafnframt eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti. Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar vegna beiðni um breytingu á vatnshloti skal þá vera hluti af ákvörðun stofnunarinnar um veitingu leyfisins. Um kæruheimildir vegna ákvörðunar um útgáfu leyfisins gilda ákvæði þeirra laga sem taka til viðkomandi leyfisákvæðana.“

Loftslag og orkuskipti

Í 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er fjallað um efni umhverfismats og taldir upp þeir umhverfisþættir sem fjalla skal um í matinu. Áhrif

framkvæmdar á loftslag er einn þeirra þátta sem nauðsynlegt er að fjalla um. Í umhverfismatsskýrslunni er ekki að finna umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á loftslag.

Fjalla þarf um nettólosun framkvæmdarinnar (beina og óbeina losun gróðurhúsalofttegunda að frádregnum mótvægisaðgerðum) og leggja mat á hvort framkvæmdin sé í samræmi við markmið laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Við byggingu vatnsaflsvirkjana losna gróðurhúsalofttegundir vegna jarðvegsrasks og einnig er komið í veg fyrir framtíðar kolefnisbindingu. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir mótvægisaðgerðum, s.s. endurheimt votlendis eða skógrækt, til að draga úr nettólosun framkvæmdarinnar.

Hollustuhættir og mengunarvarnir

Fram kemur í kafla 2.8. í umhverfismatsskýrslunni að heilbrigðiseftirlit veiti starfsleyfi fyrir atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ýmsir þættir framkvæmdarinnar geta verið starfsleyfisskyldir og mikilvægt að sótt sé um öll tilskilin leyfi.

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að við framkvæmdina sé mengun haldið í lágmarki, s.s. frá vinnuvélum og eldsneyti en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir varðandi kröfur um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Vigdís Louise Jónsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Sveitarstjórn - 385 (16.12.2025) - Árskógsvirkjun - umsagnarbeiðni um umhverfismatsskýrslu

Málsnúmer : 202512019
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 16.12.2025

Inngangur : Á 41. fundi skipulagsráðs þann 10. desember sl. var eftirfarandi bókað:
"Erindi dagsett 29.október 2025 þar sem óskað er umsagnar Dalvíkurbyggðar um umhverfismatsskýrslu fyrir Árskógsvirkjun; allt að 5 MW vatnsaflsvirkjun í Þorvaldsdal.
Umsagnarfrestur var veittur til 9.desember en Dalvíkurbyggð hefur óskað eftir framlengdum fresti til 14.desember nk.

Að mati skipulagsráðs gerir matsskýrslan fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni.
Samþykkt samhljóða með fjórum atkvæðum."

Niðurstaða : Til máls tók:
Kristinn Bogi Antonsson.
Freyr Antonsson.

Fleiri tóku ekki til máls.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu skipulagsráð.
Að mati sveitarstjórnar gerir matsskýrslan fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun

8. desember 2025
MÍ202510-0170/ 6.07 / S.G.

Efni: Umsögn um mat á umhverfisáhrifum

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskar var eftir umsögn stofnunarinnar um umhverfismatsskýrslu; *Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð. Umhverfismatsskýrsla*, dagsett 10. október 2025.

Saga málsins

Innan framkvæmdasvæðisins er fjöldi aldursfriðaðra fornleifa auk friðlýstra menningarminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum menningarminjar nr. 80/2012. Í 22. gr. laganna segir að fornleifum sem séu friðlýstar skuli fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar séu óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Í mars 2023 funduðu framkvæmdaraðilar með minjaverði þar sem þeir kynntu upphaflegar hugmyndir sínar að virkjunarframkvæmdum, en samkvæmt þeim lenti hluti hinna friðlýstu fornleifa undir lóni. Var erindið tekið fyrir á fundi Friðlýsingateymis Minjastofnunar sem hafnaði fyrirbyggjandi tillögu vegna óafturkræfra áhrifa hennar á friðlýstar og aldursfriðaðar fornleifar og það menningarlandslag sem þær tilheyra. Framkvæmdaaðilar breyttu þá tillögu sinni og færðu lón og stíflu ofar í dalinn. Friðlýsingarteymið fjallaði einnig um þá tillögu og var niðurstaðan þess að Minjastofnun gerði ekki frekar athugasemdir við áframhaldandi hönnun svæðisins á þessu stigi. En minnt var á að uppfæra þyrfti fornleifaskráningu á öllu áhrifasvæði virkjunarinnar, og að stofnunin muni skrifa umsagnir um málið á síðari stigum þegar lokahönnun framkvæmda og uppfærð fornleifaskráning liggur fyrir.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun skrifaði svo umsögn um skipulagslýsingu vegna verkefnisins þann 5. mars 2025 (MÍ202502-0180/ 6.09 / S.G.) og um tillögu að nýju deiliskipulagi á vinnslustigi þann 9. júlí sama ár (MÍ202506-0146/ 6.09 / S.G.)

Menningarminjar á framkvæmdasvæðinu

Endurskoðun fornleifaskráningar fyrir svæðið liggur fyrir, sjá Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2024. *Þorvaldsdalur, Eyjafirði. Fornleifaskráning vegna framkvæmda*. Byggðasafn Skagfirðinga. Skráningarsvæðið náði yfir hluta tveggja jarða; Stærri-Árskógar og Grundar. Mikill fjöldi minja er á skráningarsvæðinu, en alls voru 81 fornleif skráð í heildina. Minjarnar eru að miklu leyti búsetuminjar en einnig er nokkuð um landbúnaðar- og samgönguminjar utan bæjarstæða. Aldur minjanna nær líklega frá því um landnám og rétt fram yfir 1900. Gera má ráð fyrir að ekki séu allar elstu minjarnar á svæðinu sýnilegar. Einhverjar þeirra gætu verið undir yngri minjum auk þess sem líklegt er að einhverjar þeirra séu horfnar ofan í jarðveginn og því ógreinilegar. Til að mynda má gera ráð fyrir að garðlög finnist víðar. Það er því ljóst að fleiri minjar en þær sem skráðar voru gætu leynst á svæðinu.

Í Þorvaldsdal utanverðum að austan eru þrjú bæjarstæði sem öll eru friðlýst eins og áður segir og njóta þau því sérstakrar verndar í lögum um menningarminjar umfram aldursfriðaðar fornleifar. Þetta eru: Þórhallsstaðir/Þórhallakot og tvö bæjarstæði á Hávarðarstöðum. *Þórhallsstaðir/Þórhallskot*.

„Þórhallsstaðir eru ystir af bæjarstæðunum þremur. Þar er fjöldi minja sem eru að miklu leyti gamllegar, sokknar og signar. Tvöfaldur túngarður er um túnið og er það líklega merki um tvö aðskilin búsetuskeið. Sá ytri [3247-7] nær utan um stærra svæði og er líklega eldri en sá innri [3247-8] sé horft til ástands og sýnileika. Á bæjarhólnum [3247-20] og í næsta nágrenni hans hafa án efa staðið bæjarhús og fleiri útihús allan þann tíma sem byggð var á Þórhallsstöðum því enginn annar staður á bæjarstæðinu ber merki þess að vera bæjarhóll eða greinileg híbýli. Það myndi líka skýra þýfismyndunina sem er á hólnum, og í raun á stóru svæði út fyrir hann á náttúrulega hólnum sem hann stendur á. Mjög mikill gróður er á öllu svæðinu og oft erfitt að greina hvaða minjar eru yngri og hverjar eldri, en með nokkurri vissu er hægt að segja að yngsti fasi bæjarhúsanna [3247-19] geti vel tilheyrt yngstu búsetu á staðnum, sem og yngsti hluti fjárhúsa [3247-27] og mögulega útihúsatóft [3247-24]. Aðhald [3247-18] er einnig mjög greinilegt og sambyggt

túngarðinum [3247-8] sem skrásetjarar telja vera þann yngri af tveimur. Brunnurinn hefur líklega verið lengi á sama stað. Aðrar minjar eru eldri og erfitt að skera úr um aldursfasaskiptingu á þeim.“ (Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2024. *Þorvaldsdalur, Eyjafirði. Fornleifaskráning vegna framkvæmda*. Byggðasafn Skagfirðinga, s. 6)

Hávarðarstaðir syðri og nyrðri

„Hávarðarstaðir nyrðri liggja í Hraunhólshvammi, upp undir Hraunhóli suðvestanverðum. Minjarnar þar eru einsleitar í aldri og mögulega allar eldri en minjarnar á Hávarðarstöðum syðri. Hugsanlegt er þó að eitthvað af eldri minjunum á Hávarðarstöðum syðri geti verið samtíða Hávarðarstöðum nyrðri. ... Hávarðarstaðir syðri eru stór minjabyrping í Hávarðarstaðahólum, umlukin túngarði [3247-39] að miklu leyti. Túngarðurinn er mjög greinilegur frá norðvesturhorni og í sveig austur fyrir svæðið en týnist við suðvesturendann. Syðst er túngarðurinn tvöfaldur og er líklegt að ytri hluti hans [3247-61] séu minjar eldri túngarðs sem hefur verið að öllu leyti utar en [3247-39]. Minjar hans sjást einnig austan skráningarsvæðisins og aðeins innan þess að norðaustanverðu. Minjar á Hávarðarstöðum syðri benda til enn fjölbreyttari búsetu/nýtingar en á Þórhallsstöðum. Þar er að finna gamlar og yngri búsetuminjar, alveg fram á byrjun 20. aldar. En einnig er að finna þar selstöðu suðaustast á svæðinu, innan túngarðs. ... Algengt var að byggja bæi á gömlum selstöðum og gæti hér verið um slíkt dæmi að ræða. Síðast er búið á Hávarðarstöðum syðri rétt upp úr aldamótunum 1900 þegar Júlíus Jónsson, einsetumaður, byggði sér þar býli og hokraði í nokkur ár (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur 1937: 2).“ (Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2024. *Þorvaldsdalur, Eyjafirði. Fornleifaskráning vegna framkvæmda*. Byggðasafn Skagfirðinga, s. 7-8)

Athugasemdir og ábendingar Minjastofnunar

Í matsskýrslunni er fjallað um menningarminjar í kafla 4.6 (bls. 126-135). Að mati framkvæmdaraðila verða áhrif framkvæmdanna á fornminjar nokkuð neikvæð

Í kafla 2.3, þar sem fjallað er um upphaflegan valkost virkjunarinnar færi betur á að laga umfjöllunina þar sem hún snýr að menningarminjum. Þar er vísað til eldri fornleifaskráningar, í stað þess að nýta uppfærða fornleifaskráning frá Byggðasafni Skagfirðinga. Þannig að minjanúmerin passa ekki við þau gögn sem fylgja umhverfismatinu og ekki þægilegt að finna réttar upplýsingar.

Varðandi kafla 4.2.6 um þær matsspurningar sem umhverfismatið fjallar um er rétt að benda á að í umsögn Minjastofnunar um kynningu matsáætlunar lagði stofnunin áherslu á að bæta við tveimur spurningum í umhverfismatið um áhrif virkjunarinnar á fornleifar, þ.e.

3. Hver verða áhrif virkjunarinnar á búsetulandslag dalsins ?
4. Hvaða áhrif munu mannvirki virkjunarinnar hafa á upplifun fólks af minjastöðunum á svæðinu ?

Því miður var þetta ekki gert, þrátt fyrir að framkvæmdaaðilar nefni þessa þætti óbeint umfjölluninni.

Lítið er fjallað í umhverfismatinu um áhrif virkjunarframkvæmdanna á aldursfriðaðar minjar. Nokkur fjöldi aldursfriðaðra minja er í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Bæði minjar sem fara undir lón, verða fyrir raski eða þar sem framkvæmdin fer inn fyrir 15 metra friðhelgunarsvæðis þeirra. Óheimilt er að hylja, raska eða fara inn fyrir 15 metra friðhelgi minjanna nema með leyfi Minjastofnunar sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Alls eru þetta 17 aldursfriðaðar fornleifar:

- 3247-1 Elsti vegur - gata
- 3247-2 Ystulágargarður - garðlag Pípan fer nú rétt inn fyrir 15 metra en efnisnáma er fyrirhuguð sem gæti raskað garðlögum.
- 3247-29 gata
- 3247-62 þúst
- 3247-63 hleðsla
- 3247-64 tóft
- 3247-65 garðlag
- 3247-69 mógröf
- 3247-70 mógröf
- 3247-71 vað
- 3247-72 garðlag
- 3247-73 vað
- 3247-74 garðlag
- 3247-75 garðlag
- 3247-76 vað
- 3247-77 tóft
- 3247-78 garðlag

Ekki þarf að ráðast í mótvægisáðgerðir á öllum þessum stöðum, í sumum tilfellum er fornleifaskráning fullnægjandi mótvægisáðgerð

en ljóst er að vinna þarf töluverðar fornleifarannsóknir vegna þessarar framkvæmda, og þarf að útfæra þær í samráði við Minjastofnun Íslands.

Friðlýstar minjar

Í kjölfar athugasemda Minjastofnunar hafa framkvæmdaaðilar fært pípustæðið fjær friðlýstum minjum við Þórhallsstaði/Þórhallskot. Þeir hafa fært pípustæðið upp að veginum suður dalinn svo hann þverar ekki lengur heimatún bæjarins. Garðlag (3247-7) sem er hluti hins friðlýsta bæjarstæðis er alveg uppvið veginn að vestanverðu en á því svæði verður pípan austan vegarins svo minjarnar ættu ekki að verða fyrir hnjaski miðað við fyrirliggandi hönnun. En framkvæmdir ná samt töluvert innfyrir 100 metra friðhelgi minjaheildarinnar.

Minjastofnun heimilar legu pípunnar á þessum stað, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í dag liggur vegurinn inn dalinn í gegnum bæjarstæði Hávarðarstaða syðri. Við hönnun virkjunarinnar er lagt upp með að færa veginn þar sem hann liggur á milli býlanna tveggja að Hávarðarstöðum og að pípan og vegurinn liggi milli býlanna og upp að stíflunni. Í kjölfarið á að loka veginum þar sem hann liggur núna. Kostir þessa eru að bílaumferð mun ekki lengur skemma hið friðlýsta bæjarstæði að Hávarðarstöðum syðri. Ókosturinn er hinsvegar sá að vegurinn og pípan þvera friðlýst garðlög og slíta í sundur búsetulandslag svæðisins. Tenging býlanna tveggja er þar með rofin þó lítið af minjum verði fyrir beinu tjóni á þessu svæði. Tillaga framkvæmdaraðila er að leggja pípu og veg yfir hin friðlýstu garðlög til að vernda þau.

Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum fellst Minjastofnun á að færa veginn og pípuna eins og núverandi hönnun gerir ráð fyrir. Þau skilyrði eru þau helst að leið pípu og vegar gegnum hin friðlýstu garðlög verði ekki lögð yfir þá heldur verði þau grafin í gegn að undangenginni fornleifarannsókn á garðlögum. Með því verði dregið eins mikið og mögulegt er úr sjónrænum áhrifum á bæjarstæðin tvö að Hávarðarstöðum.

Minjastofnun leggur mikla áherslu á að dregið verði úr sjónrænum áhrifum stíflunnar eins og kostur er, svo sem með því að tryggja að hún verði grædd upp eins og kostur er að framkvæmdum loknum.

Minjastofnun mun vinna rannsóknaráætlun fyrir þær fornleifar sem rannsaka þarf vegna þessarar framkvæmdar. Gæti orðið blanda verkþátta, bæði framkvæmdaefirlit á ákveðnum stöðum, prufuskurðir sem og fullnaðarrannsóknir ef þörf verður á.

Minjastofnun telur umfjöllun um menningarminjar lýsa skorti á skilningi á eðli menningarminja og áhrifum sem slík framkvæmd hefur á þær. Hinsvegar samþykkir Minjastofnun þá hönnun sem nú liggur fyrir að mestu leiti að uppfylltum þeim mótvægisaðgerðum sem stofnunin mun fara frammá.

Minjastofnun hefur að öðru leyti ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Málsnr. 2024-02-0067

Hafnarfjörður 31.10.2025

Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal, Dalvíkurbyggð.

Í tölvubréfi Skipulagsstofnunar dagsettu 28. 10. 2025 er þess óskað að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal, nr. 0197/2024.

Arctic Hydro hyggst reisa allt að 5,0 MW vatnsaflsvirkjun í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð. Virkjunin mun virkja allt að 5,0 m³/s rennsli með 118 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 3.800 m langrar aðrennslispípu. Áætluð efnispörf er 150.000 m³.

Að mati framkvæmdaraðila verða verulega neikvæð áhrif á vatnafari milli stíflu og stöðvarhúss, og talsvert neikvæð á vatnalíf á sama kafla. Neðan stöðvarhúss eru áhrif á vatnafar metin talsvert neikvæð en nokkuð neikvæð á vatnalíf.

Í skýrslunni koma fram fullyrðingar varðandi vatnalíf sem að mati Hafrannsóknastofnunar er rétt að staldra við.

- „*Vatnalífriki Þorvaldsdalsár er aðlagð að miklum náttúrulegum rennslissveiflum.*“ Hér má í fyrsta lagi benda á að engar rannsóknir hafa verið gerðar á aðlögunum lífríkis Þorvaldsdalsár, þannig að þessi fullyrðing stenst ekki. Í öðru lagi mun virkjun valda breytingum á náttúrulegum rennslissveiflum og þannig vinna gegn **mögulegum** aðlögunum að *miklum náttúrulegum rennslissveiflum.*
- „*Þorvaldsdalsá er köld, næringarsnauð og frjólítill dragá.*“ Mögulega er hér verið að vísa í að það sem er lítið og fábrotið sé einskis virði. Þessu má auðvitað snúa við og ræða að við þennan kulda og skort á næringarefnum er stórmerkilegt að áin geti fósrað líf.
- „*Í Þorvaldsdalsá veiðist bleikja, en veiði er lítil og veiðihagsmunir eru ekki miklir.*“ Þrátt fyrir að veiðihagsmunir séu kannski ekki miklir er að mati Hafrannsóknastofnunar rétt að benda á að bleikja á víðast hvar í miklum vandamálum. Þetta á reyndar við um flestar tegundir lífvera heimsins auk heilu vistkerfanna. Ástæður eru margvíslegar, sumar þekktar, eins og búsvæðaeyðing, loftslagsbreytingar og fleira, en kannski er minna vitað um einhverjar aðrar ástæður. Það er því full ástæða til horfa til þess að jafnvel smáir stofnar lífvera þurfa aðgæslu við og verndargildi þeirra er ótvírætt.
- „*Milli stíflu og stöðvarhúss þar sem helstu áhrifa gætir er botndýralíf í litlum þéttleika og að langmestu leyti rykmý sem er algengt og útbreitt um allt land. Framkvæmdaraðili metur því verndargildi botndýralífs óverulegt.*“ Mat á verndargildi byggir á mörgum þáttum, þáttum eins og þróunarlegri sérstöðu, raski, vistfræðilegri þjónustu, vísit Gundum og mörgu fleira. Í skýrslunni eru engar tilraunir gerðar til að meta verndargildi svæðisins með viðurkenndum og þekktum aðferðum og er því erfitt að samþykkja þetta mat framkvæmdaraðila.

- „*Veiðiskýrslu einungis verið skilað þrisvar frá aldamótum*“. Að mati Hafrannsóknastofnunar er slæmt að ekki skuli vera betur haldið um veiðitölur árinna. Rétt er að minna á að skv. 13 gr. laga um lax- og silungsveiði (61/2006) skal gera skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar. Það að slægleg skráning veiði endi sem ein af helstu niðurstöðum í mati á umhverfisáhrifum er hinsvegar einkennilegt og erfitt að tengja það umhverfisáhrifum mögulegrar framkvæmdar.

Við mat á áhrifum framkvæmda, þ.m.t. vatnsaflsvirkjana er mikilvægt að áhrif þeirra séu metin á hlutlægan hátt og undirbyggð með gögnum. Almennt eru áhrif virkjana á lífríki vel þekkt og því ætti að vera frekar auðvelt að staðfæra almenna þekkingu miðað við þau áform sem eru ráðgerð og bæta úr með rannsóknum þar sem gögnum er ábótavant.

Áhrif vatnsaflsvirkjana á lífríki getur farið eftir því hvernig rekstri þeirra er háttað. Þannig eru áhrif á lífríki í miðlunarlónum háð miðlunarhæð og hraða rennslisbreytinga. Sem dæmi má til taka að ef miðlunarhæð er meiri en um 11 metrar er nánast ekki um að ræða lífræna framleiðslu í fjörum. Áhrif á lífríki í ám neðan virkjana fer einnig eftir magni og hraða rennslisbreytinga og eru áhrifin oft minnst þegar um jafnstöðurennsli og hæggar rennslisbreytingar er að ræða þótt einnig sé þekkt að flóð geti verið mikilvæg til að hreinsa út fin botnefni og skapa með því meira yfirborð og betri lífsskilyrði fyrir tegundir lífvera sem eru aðlagðar að lífi í straumvatn.

Hafrannsóknastofnun bendir á að skv. 33 gr. laga um lax- og silungsveiði (61/2006) er sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, háð leyfi Fiskistofu. Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.

Varðandi framkvæmdir við ár og vötn er gott að hafa eftirtalda þætti í huga:

- Gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinna svo sem grugga það upp, breyta hitastigi þess eða setja óæskileg efni í það.
- Áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ár og vötn séu þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í árvatnið.
- Takmarka skal framkvæmdasvæðið eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt er framkvæmdarinnar vegna.
- Ganga skal frá framkvæmdum þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.
- Gætt verði sérstaklega að meðferð eldsneytis og annara efna sem gæti verið skaðleg lífríkinu.

Þá bendir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Við allar framkvæmdir í ám og vötnum skal því leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni við framkvæmdir. Gera þarf grein fyrir hverjar breytingar verða á vatnshlotum vegna framkvæmdanna. Í 18. gr laga þessara er fjallað um að leita þurfi til Umhverfisstofnunar (nú Umhverfis- og orkustofnunar) um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr sömu laga og nánar er fjallað um í Vatnatilskipun Evrópusambandsins.

Benda má á að þegar vinna hefst varðandi hugmyndir að virkjunum væri rökrétt að eitt af fyrstu skrefum væri að leita heimildar Umhverfis- og orkustofnunar fyrir breytingum á viðkomandi vatnshloti áður en lengra er haldið í undirbúningi. Væntanlega mun vatnshlot Þorvaldsdalsár 2, vatnshlotanúmer

102-1765-R, skiptast upp í þrjú vatnshlot, miðlunarlón, farvegur milli stíflu og stöðvarhúss og svo neðan virkjunar.

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Sveinn Kári Valdimarsson

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

11. desember 2025
202510-0108/A.B.

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matsskýrsla - Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar vegna umhverfismatsskýrslu fyrir Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal, sem barst Náttúruverndarstofnun 10. október sl.

Í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um fyrirhugaða 5,0 MW vatnsaflsvirkjun með 118 m fallhæð, stíflu, inntakslóni, aðrennslispípu og stöðvarhúsi í landi Stærri-Árskógs.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að virkjunin feli í sér röskun á um 35 ha lands, þar af 14 ha votlendi og 18 ha vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi.

Markmið umsagnarinnar er að leggja faglegt mat á framlagða umhverfismatsskýrslu, með áherslu á vernd náttúru, vistkerfa og landslags í samræmi við náttúruverndarlög nr. 60/2013.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdir felist í byggingu lágstíflu við 164 m.y.s., um 25 ha inntakslóni, 3.800 m langri aðrennslispípu og stöðvarhúsi við 45 m.y.s..

Rennslið verður að mestu tekið úr farvegi á 4 km kafla frá stíflu að stöðvarhúsi.

Heildarefnispörf er áætluð um 150.000 m³.

Votlendi og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að votlendið innan framkvæmdarsvæðisins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á votlendi séu nokkur og óljóst er hvort fjallað um mótvægisáðgerðir í umhverfismatsskýrslunni, en í skýrslunni segir að halda eigi svarðlagi til haga og „vanda til verka“; í skýrslunni segir að frekari endurheimt verði

aðeins framkvæmd „ef leyfisveitendur fara fram á það“. Almennar verklagsreglur um frágang geta vart talist til mótvægisáðgerða að mati stofnunarinnar þó mikilvægar séu, en stofnunin tekur undir mikilvægi þess að vakta gróðurframvindu á svæðinu.

Náttúruverndarstofnun tekur undir að áhrif framkvæmdarinnar eru talsvert neikvæð á votlendi og vistgerðir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr.

náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum, til að ná settum markmiðum, sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Mótvægisáðgerðir

Eins og kemur fram að ofan telur Náttúruverndarstofnun að ekki komi skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki votlendi og til hvaða mótvægisáðgerða verður farið í vegna röskunar. Mótvægisáðgerðum í formi endurheimt votlendis og vistgerða ætti að vera lýst ítarlega í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati Náttúruverndarstofnunar, þar sem tilgreint er m.a. samráð við sérfræðinga votlendisendurheimtar við ákvörðun á staðsetningu, aðferðum og umfangi þess.

Foss

Í greinargerð segir að samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta fossar sérstakrar verndar, en fjallað er um ákvæði laganna fyrir í umsögnin. Á áhrifasvæði framkvæmdarinnar er einn foss í Þorvaldsdalsá neðan stöðvarhúss skammt neðan við Ólafsfjarðarveg. Í greinargerð segir að ekkert rask verður á fossinum sem breytir virkni hans. Rennsli mun skerðast tímabundið, en áfram mun renna vatn um fossinn. Auk þess segir að áhrif á fossa séu „að fullu afturkræf“.

Náttúruverndarstofnun bendir á að óljóst er hvort fjallað sé um hversu mikil skerðing verður eða hvort þessi rennsliskerðing mun hafa áhrif á jarðmyndunina. Óljóst er hvort að áhrifin séu afturkræf meðan virkjun er starfrækt, þar sem vatnafar getur breyst þegar rennsli er stjórnað. Náttúruverndarstofnun telur að um nokkra óvissu sé að ræða varðandi þennan þátt.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að fuglalíf sé fjölbreytt, en Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Í greinargerð segir að vaðfuglar í votlendi munu missa búsvæði sín í lónstæði virkjunar, en þær tegundir sem helst verða fyrir áhrifum eru algengar um allt land.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði valista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025¹, en síðasti valisti hafði verið birtur árið 2018. Í greinargerðinni er bæði vísað í válistana frá 2018 og 2025 á mismunandi stöðum og æskilegt væri að samræma það svo allar vísanir nýti upplýsingar frá listanum 2025.

Mófuglar hafa átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu válistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeðing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun.

Í greinargerð segir að mikið af sambærilegum búsvæðum sé allt í kring og áhrif á mófugla og aðra fugla á þurru landi verði því óveruleg. Eigi þetta við um t.d. heiðlóu, spóa og rjúpu. Í greinargerð framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir að fuglar á svæðinu færi sig á nærliggjandi svæði og að áhrif á stofna verði því óveruleg. Að mati Náttúruverndarstofnunar ber að fara varlega í slíkar atferlistúlkanir án gagna; bestu búsvæðin eru jafnan fyrst nýtt og mikil samkeppni ríkir um þau. Það að hrekja fugla af búsvæðum sínum felur í sér raunverulega skerðingu á líffræðilegri fjölbreytni, jafnvel þótt svæðið sé umkringgt sambærilegum

¹ Náttúrufræðistofnun – Valisti fugla 2025

vistgerðum. Aðrir einstaklingar hafa líklega markað sér óðöl á nærliggjandi svæðum og því er ólíklegt að þau sé ónýtt. Sömuleiðis hafa fuglafræðingar velt því fyrir sér hvort atferlissvörun mófugla sé nægilega sveigjanleg til þess að færa sig yfir á ný búsvæði þegar þeirra svæðum er raskað. Fullorðnir einstaklingar eru því líklegir til þess að koma aftur á sama svæði þó varpárangur sé enginn, en líklegra er að landnám nýrra búsvæða eigi sér stað í gegnum dreifingu ungfugla frekar en að fullorðnir fuglar færi sig um set.²

Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að framkvæmdin geti valdið hörfun fugla frá nágrenni vinnslusvæða vegna hávaða, umferðar og annars ónæðis. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á jaðaráhrif mannvirkja eins og t.d. vega, íbúðabyggðar o.fl. Slíkar breytingar á hegðun fugla geta minnkað búsvæðanýtingu verulega. Í greinargerðinni eru jaðaráhrif og hörfun ekki nefnd sem möguleg áhrif vegna framkvæmdarinnar á fuglalíf, þar sem áhrif á búsvæði eru einkum talin takmarkast við mannvirki virkjunarinnar.

Áhrifin á mófugla og aðra fugla á þurru landi eru metin óveruleg, en í næstu efnisgrein er nefnt að búsvæði votlendisfugla munu raskast verulega. Náttúruverndarstofnun bendir á að margar mófuglategundir eru vaðfuglar sem stunda fæðunám í votlendi og því er óvarlegt að ætla að áhrif á mófugla séu óverulegt.

Í greinargerðinni er sérstaklega tekið fram að votlendistegundir sem muni fækka staðbundið vegna búsvæðamissis séu algengar tegundir sem finnast um allt land. Það er óæskilegt að áætla óveruleg áhrif út frá hráum stofnfjölda tegunda þegar um er að ræða tegundir sem eru með afar neikvæða stofnþróun og ná ekki sjálfbærni viðmiðum.

Að mati Náttúruverndarstofnunar eru áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf neikvæð, ekki einungis á þær tegundir sem missa búsvæði sitt undir lónið heldur einnig þær sem nýta sér svæði í kringum virkjunina og þau mannvirkja sem henni fylgja. Í skilgreiningu á neikvæðum áhrifum í greinargerð kemur fram að þau „skerða eða rýra gildi tiltekins eða tiltekinna umhverfispátta á beinan eða óbeinan hátt eða auka umfang núverandi áhrifa að því marki að þau valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski“ – sem á klárlega við hér.

Náttúruverndarstofnun bendir á að:

- mófuglar geta verið ábyrgðartegundir Íslands og haft alþjóðlegt verndargildi,
- áhrif á straumendur eru óviss, þrátt fyrir að framkvæmdaraðili telji þau óveruleg; rennslisbreytingar á 4 km kafla geta verið afgerandi við lágrennsli,
- votlendisfuglar missa búsvæði á 14 ha svæði sem hefur hátt verndargildi,
- óljóst hvort fjallað sé áhrif rennslisskerðingar á fuglalíf.

Tillögur að mótvægisáðgerðum og vöktun:

- tryggja lágmarksrennsli í samræmi við viðmið Hafrannsóknarstofnunar og að minnsta kosti yfir varptíma (1. maí – 15. júlí),
- vöktun mófugla og straumanda árlega eftir framkvæmd,
- afmörkun og friðun svæða ofan lóns sem mótvægisáðgerð (búsvæðavernd).

Svæðislýsing og landslagsheild

² Tómas G. Gunnarsson – Íslenskir mófuglar og skógrækt

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið er gróinn dalbotn með jökulsorfnun hlíðum, áreyrum og fossi neðan stöðvarhúss. Pípa liggi að mestu með núverandi vegi, en stífla og lón breyti ásýnd dalsins varanlega.

Nokkuð er fjallað um í greinargerð um *Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar* er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. *Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan Þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéið. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.*

Þar sem fyrirhuguð stífla og lón eru innan svæðisins hefði náttúruminjaskrá átt að vera viðmið í umhverfismati undir þessum umhverfispætti.

Í greinargerð er vitnað í kort WRI sem framkvæmdaraðili telur vera gott til að nota til viðmiðunar, en á litlum kvarða þegar mjög staðbundin svæði eru skoðuð er sjálfvirka greiningin ekki jafn nákvæm og augljóst er að gagnagrunnar sem kortið byggist á eru ófullnægjandi. Æskilegt hefið verið að þessi kort hefðu verið sýnd í umhverfismatinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að óbyggð víðerni eru skilgreind í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 á eftirfarandi hátt og því ættu náttúruverndarlög að vera sem viðmið í umhverfismatinu:

Óbyggð víðerni: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vinnslutillögu vegna heildarendurskoðunar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar er ekki skilgreindur vegur inn dalinn.³

Náttúruverndarstofnun bendir á að inntakslón og stífla munu breyta ásýnd dalsins, en dalurinn hefur að mestu ósnortna ásýnd í dag og vatnafar setur mikinn svip á landslagsheildina. Náttúruverndarstofnun telur að framkvæmdin muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og ásýnd og getur haft áhrif á víðerni, en óvissa er um þann þátt.

Náttúruverndarstofnun leggur til að mótuð verði skýr viðmið um að aðlaga stíflusvæðið að landslagi eins og hægt er sem mótvægisáðgerð.

Núllkostur

Umfjöllun um núllkost í umhverfismatsskýrslunni er að mati Náttúruverndarstofnunar ekki nægilega góð.

Núllkostur er raunhæfur valkostur samkvæmt lögum nr. 111/2021 og ber að meta saman við framkvæmdakosti. Skýrslan fjallar þó ekki um þau jákvæðu umhverfis- og samfélagsáhrif sem felast í því að svæðið verði látið ósnortið.

³ <https://skipulagsgatt.is/files/cf342d5a-04f6-4aaa-ae67-f8e276acd660>

Núllkostur myndi tryggja áframhaldandi vernd votlendis og vistgerða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Það hefði í för með sér ótvírætt jákvæð áhrif fyrir lífríki, einkum fuglalíf sem er háð votlendisvistum og er víða undir álagi. Einnig hefði þurft að greina jákvæð áhrif á landslag og ásýnd árfarvegsins, þar á meðal óraskaða fossa.

Auk þess hefði núllkostur jákvæð samfélagsleg áhrif með því að tryggja áframhaldandi aðgengi að ósnortnu útivistarsvæði og varðveislu náttúru sem er verðmæt fyrir nærumhverfi og ferðaþjónustu.

Náttúruverndarstofnun telur að þessi atriði hefðu átt að vera tekin til umfjöllunar til að fram kæmi heildstætt mat á núllkostinum og þeim ávinningi sem hann hefur fyrir náttúru og samfélag.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. desember 2025

Málsnúmer: 202510-0050

BK/AEP

Efni: Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal – Umhverfismatsskýrsla

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 28. október 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal. Um er að ræða allt að 5,0 MW vatnsaflsvirkjun og felur framkvæmdin í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 3.700 m langrar aðrennslispípu. Áætluð efnispörf er 140.000 m³.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í skýrslunni er fjallað um helstu umhverfispætti. Brugðist hefur verið við flestum athugasemdum Náttúrufræðistofnunar við matsáætlun en þó virðist ekki vera fjallað um mögulega náttúruvá aðra en flóðahættu í ánni (kafla 4.4.5.2) en í athugasemdum stofnunarinnar kom fram að gera þyrfti grein fyrir hættu á ofanflóði (berghlaupi).

Þorvaldsdalur er vel gróinn og fremur óspilltur dalur. Ljóst er að stíflumannvirki munu hafa neikvæð staðbundin áhrif á ásýnd svæðisins. Umtalsverð neikvæð áhrif á gróður og fugla munu fylgja lónstæðinu þar sem er að finna votlendi með hátt verndargildi auk mikils og fjölbreytts fuglalífs.

Bent skal á að Tafla 4.1. er í samræmi við nýuppfærðan válista fugla (2025) en texti í skýrslu hefur ekki verið uppfærður til samræmis (nú eru 43 fuglategundir á válista, ekki 41).

Náttúrufræðistofnun telur að varlega eigi að fara í að yfirfæra niðurstöður vöktunar á straumönd við aðrar virkjanir á fyrirhugaða framkvæmd í Þorvaldsdal án þess að horfa til þess hvort að staðhættir, efna- og eðlispættir ánnar, vatnalífriki, fyrirhugaðar rennslissveiflur o.fl. sé sambærilegt. Í einhverjum tilfellum virðast lónin sem miðað er við vera mikið minni en lónið sem mun skapast við Árskógsvirkjun, t.d. yrði það næstum þrefalt stærra en lónið í Tungufljóti (Brúarvirkjun).

Þá eru niðurstöður vöktunar straumandar á Tungufljóti fullinfaldaðar í umhverfismatsskýrslunni en sú vöktun var á hendi Náttúrufræðistofnunar. Í skýrslu stofnunarinnar kemur fram að breytileiki í öllum stofnþáttum hafi verið mikill á milli ára og því erfitt að draga óbyggjandi ályktanir af þessu tiltölulega stutta vöktunartímabili. Til að mynda sáust kollur með unga aðeins tvö ár af þeim sex sem fylgst var með straumöndum á Tungufljóti sem gæti mögulega bent til þess að sveiflur séu í framboði á heppilegri fæðu.

Verði af Árskógsvirkjun er mikilvægt að sett verði á fót markviss vöktun til lengri tíma sem nái til straumanda og vatnalífrikis. Þá ætti einnig að setja skilyrði um endurheimt votlendis til móts við það sem glatast undir lónið.



Það er mat Náttúrufræðistofnunar að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði að teljast fremur mikil í ljósi þess að hér er um smávirkjun að ræða. Neikvæðu áhrifin felast helst í því að staðsetning lónstæðis er mjög óheppileg með tilliti til votlendis og fugla auk þess sem ákveðin óvissa er um áhrif stíflunnar á straumönd. Fæstar framkvæmdir hafa einar og sér áhrif á fugla á stofnstigi en nú þegar smávirkjanir spretta upp víða um land geta samlegðaráhrifin orðið umtalsverð og því mikilvægt að staðarval taki mið af því að lágmarka neikvæð áhrif á fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

Vegna: Máls nr. 0197/2024, Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal (Kynning umhverfismatsskýrslu)

Athugasemd:

Fiskistofa telur að gerð sé grein fyrir þeim þáttum sem skipta máli vegna hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðrar virkjunar á lífríki í Þorvaldsdalsá. Það kemur fram að þau verði talsvert neikvæð á lífríki í vatni milli stíflu og stöðvarhúss og nokkuð neikvæð neðan við stöðvarhús. Bleikju er að finna í Þorvaldsdalsá en veiðihagsmunir eru litlir.

Fiskistofa bendir á að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Sjá nánar: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Með umsókn skulu fylgja umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa á lífríkið og umsögn viðkomandi veiðifélags.

Höfundur: Guðni Magnús Eiríksson

Sent inn þann: 29.10.2025, **Fyrir hönd:** Fiskistofa